



Reykjavík, 1. desember 2025
VEL25100044

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Framsóknarflokksins um stöðu flutninga dagdvalarinnar Þorrasels

Þann 15. október 2025 lagði fulltrúi Framsóknarflokksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúi Framsóknar í velferðarráði óskar eftir upplýsingum um fyrirhugaða flutninga á dagdvölinni Þorrasel sem meirihlutinn og Sjálfstæðisflokkurinn samþykktu á fundi velferðarráðs 25. júní sl. Óskað er eftir upplýsingum um tímalínu flutninga og samskipti vegna þeirra við þjónustuþega Þorrasels.

Með fyrirspurninni fylgdi svohljóðandi greinargerð:

Á fundi velferðarráðs 25. júní samþykktu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Samfylkingarinnar, Sósíalístaflokks Íslands og Pírata flutning á dagdvölinni Þorrasel en fulltrúi Framsóknarflokksins sat hjá með bókun. Sú ákvörðun hefur haft það í för með sér að óvissa hefur skapast hjá þjónustuþegum Þorrasels um framhald starfseminnar enda hefur fyrirkomulag þjónustunnar til framtíðar og tímalína vegna fyrirhugaðra flutninga ekki verið kynnt. Um 100 einstaklingar mæta í hverri viku í Þorrasel og hefur dagþjálfunin ómetanlegt gildi fyrir þann hóp sem hana sækja. Þótt mikilvægt sé að Heilsugæslan í Miðbæ haldi áfram starfsemi sinni í miðbæ Reykjavíkur og að hún hafi aðgang að húsnæði sem hæfir starfseminni þá er einnig brýnt að starfsemi Þorrasels sé áfram tryggð og ekki komi til þjónusturofs við hópinn. Komi til flutninga á Þorraseli verður að tryggja að sambærileg eða betri þjónusta verði veitt á nýjum stað.

Svar:

Frumkvæði þess að rekstur og þar með staðsetning dagdvalarinnar Þorrasel á Vesturgötu 7 yrði færður frá Reykjavíkurborg til hjúkrunarheimilis Grund kom frá heilbrigðisráðuneytinu en á þeim tíma heyrðu almennar dagdvalir undir það ráðuneyti. Tilfni málsins var að illa hafði gengið að finna nýtt húsnæði í miðbæ Reykjavíkur fyrir heilsugæslustöð Miðbæjar, sem er til húsa á Vesturgötu 7 og óskir um að heilsugæslustöðin yrði stækkað þar.



Nú liggur fyrir samþykki um að ríkið kaupi húsnæðið að Vesturgötu 7 af Reykjavíkurborg og þar verði stækkuð heilsugæslustöð Miðbæjar. Ekki liggja yfir upplýsingar um tímalínu flutninga að sögn félags- og húsnæðismálaráðuneytis.

Samkvæmt svari frá félags- og húsnæðismálaráðuneytinu, sem almennar dagdvalir heyra nú undir, dags. 2.nóvember, kemur fram að ekki liggur fyrir dagsetning fyrir flutninga. Jafnframt kemur fram í sama svari að verið sé að vinna úr tillögum frá Grund um hvernig hægt sé að hámarka nýtingu rýma til dæmis með sveigjanlegri dagdvöl. Ekki er komið samkomulag um dagdvölinu og því ekki hægt að ganga frá samningi. Samkvæmt fyrrgreindu svari er mál þetta í forgangi hjá ráðuneytinu og vonir standa til að niðurstaða liggi fyrir sem allra fyrst.

Forstöðumaður Þórrasels hefur lagt áherslu á að upplýsa gesti dagdvalar þegar fyrir liggja öruggar upplýsingar um tímalínu.

